



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 7/2020 **Frestun á gildistöku niðurfellingar Íslandspósts ohf.** **á viðbótarafsláttum fyrir magnpóst**

(Bráðabirgðaákvörðun)

I.

Forsaga

(1) Með tilkynningu til Póst- og fjarskiptastofnunar (hér eftir PFS), dags. 12. maí 2020, upplýsti Íslandspóstur ohf. (hér eftir ÍSP) um að fyrirtækið hygðist breyta þeim afsláttarkjörum sem gilt hafa um magnpóst (*mál nr. 20200500027*).

(2) Breytingin felst nánar tiltekið í því að ÍSP hyggst ekki nýta heimild 5. mgr. 17. gr. laga um póstþjónustu nr. 98/2019, með þeim hætti að fyrirtækið veiti áfram svokallaðan viðbótarafslátt vegna reglulegra viðskipta fyrir magnpóst. Telur fyrirtækið að grundvöllur fyrir slíkum afslætti sé ekki fyrir hendi. Með erindinu fylgdi ítarleg greinargerð fyrirtækisins.

(3) Áætlað er að breytingin taki gildi þann 1. september 2020.

(4) Með tilkynningu á heimasíðu PFS þann 18. maí 2020¹ óskaði PFS eftir athugasemdum og/eða ábendingum mögulegra hagsmunaaðila vegna tilkynnta breytinga ÍSP.

(5) Athugasemdir bárust frá tveimur fyrirtækjum, Póstmarkaðinum ehf. (hér eftir PM) og Burðargjöldum ehf. Auk þess skilaði Félag Atvinnurekanda inn athugasemdum.

II.

Krafa um bráðabirgðaákvörðun

(6) Í umsögn Póstmarkaðarins er m.a. gerð krafa um að PFS taki bráðabirgðaákvörðun í málinu.

(7) Telur PM, í ljósi þeirra skyldna sem hvíla á PFS til eftirlits með því að starfsemi ÍSP sé í samræmi við ákvæði laga nr. 98/2019, að stofnunin eigi að beina þeirri kröfu til ÍSP að fallið verði frá fyrirhugaðri breytingu á gjaldskrá. Telur PM brýna þörf á því að niðurstaða um þetta

¹ <https://www.pfs.is/um-pfs/frettir/frett/2020/05/18/Oskad-er-ef-tir-athugasemdum-hagsmunaaadila-ef-einhverjar-eru-vegna-tilkynningar-Islandspost-ohf.-um-breytingar-a-gjaldskra-um-magnpost/>

efni liggi skjótt fyrir enda fyrirséð að markaðsaðilar verði fyrir umtalsverðu og óafturkræfu tjóni. Starfsemi söfnunaraðila er alfarið byggð á því hagræði sem hlýst af umfangsmiklum reglubundnum viðskiptum, umfram stakar afhendingar til ÍSP. Sá mismunur sem er á hagræði af stökum sendingum og reglubundnum viðskiptum skapar grundvöll fyrir söfnunaraðila, rétt eins og reyndin er í allri miðlunarstarfsemi. Með niðurfellingu afsláttanna er starfsemi söfnunaraðila sjálfhætt með tilheyrandi röskun á samkeppni.

(8) PM er í þeirri stöðu að þurfa að segja upp öllum samningum við viðskiptavinum, vegna samningsbundins uppsagnarfrests. Frá þeim tíma verður vart aftur snúið enda þess að vænta að viðskiptavinir muni þá þegar gera ráðstafanir til að geta fært viðskipti sín yfir til ÍSP. Að mati PM er því afar brýnt að PFS nýti heimild í 11. gr. laga nr. 69/2003 til bráðabirgðaákvörðunar, náist ekki niðurstaða í málið í tæka tíð með öðrum hætti.

(9) Telur PM að öll skilyrði bráðabirgðaákvörðunar séu uppfyllt, líkt og í aðdraganda ákvörðunar nr. 23/2017 þar sem ÍSP hafði tilkynnt um niðurfellingu afsláttar af reglubundnum magnviðskiptum. Skilyrði slíkrar ákvörðunar eru þau að ella sé hætta á að réttindi aðila fari forgörðum eða verulegt fjártjón hljótist af. Engin vafi geti leikið á því að þessi lýsing eigi við um stöðu PM. Ákvörðun ÍSP leiðir til þess að rekstrargrundvelli er í einu veffangi kippt undan fyrirtækinu og ljóst að starfsemin leggst endanlega af, með tilheyrandi fjártjóni fyrir PM og hluthafa. Einnig verði ákvörðunin til þess að samkeppni á póstmarkaði leggst af. Slík niðurstaða er bæði andstæð markmiðum laga um póstþjónustu, ákvæðum samkeppnislaga og þeim markmiðum sem að var stefnt með upphaflegum breytingum PFS á gjaldskrá ÍSP.

(10) Með bréfi PFS, dags. 4. júní 2020, voru þær athugasemdir sem bárust stofnuninni sendar til ÍSP til umsagnar. Jafnframt tilkynnti stofnunin að hún liti svo á að um málið færi samkvæmt 9. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003, þar sem fjallað er um lausn deilumála fjarskiptafyrirtækja og póstrekkanda. Einnig var vakin athygli á því að í greinargerð PM væri að finna kröfu um bráðabirgðaákvörðun næðist ekki niðurstaða í málið í tæka tíð með öðrum hætti.

III. Niðurstaða

1.

Almennt

(11) Söfnunaraðilar og stórir sendendur hafa átt rétt á svokölluðum viðbótarafsláttum frá árinu 2012, sbr. ákvörðun PFS nr. 16/2012, 14/2013 sem og ákvörðun PFS nr. 23/2017, en í þeirri ákvörðun komu umræddir afslættir síðast til skoðunar af hálfu PFS í tengslum við tilkynningu ÍSP um niðurfellingu á umræddum afslætti.

(12) ÍSP hefur nú tilkynnt, á ný, að fyrirtækið hyggist fella niður hluta af þeim afsláttarskilmálum sem verið hafi í gildi, en skilmálarnir hafa lengi verið umdeildir.

2.

Um skilyrði bráðabirgðaákvörðunar

(13) Samkvæmt 11. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 getur PFS tekið bráðabirgðaákvörðun telji stofnunin slíkt nauðsynlegt. Skilyrðin eru að dráttur á úrskurði valdi því að réttindi aðila máls fari forgörðum eða hann verði fyrir verulegu fjártjóni. Óumdeilt ætti að vera að Póstmarkaðurinn sem og Burðargjöld hafa töluverða fjárhagslega hagsmuni af því að viðskiptaskilmálar ÍSP séu óbreyttir þannig að svokallaðir afslættir vegna reglubundinna viðskipta séu veittir áfram. Á sama hátt hefur ÍSP einnig augljósa hagsmuni í málinu, þ.e. að

fyrirtækið sé ekki að greiða hærrí afslætti vegna viðskipta við stóra sendendur eða söfnunaraðila en skylt er lögum samkvæmt.

(14) Af gögnum málsins má ráða að bæði Póstmarkaðurinn og Burðargjöld gera ráð fyrir því að hætta starfsemi gangi fyrirætlun ÍSP eftir. Af því leiðir, sem og forsögu málsins að mikilvægt er að gengið verði úr skugga um að tilkynntar breytingar ÍSP séu í samræmi við ákvæði laga um pósthjónustu, einkum 5. mgr. 17. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019, þar sem nú er fjallað um gjaldskrá vegna magnpósts. Með því væri mögulegri óvissu um réttmæti breytinganna eytt.

(15) Í tilkynningu ÍSP er gert ráð fyrir að breytingin taki gildi þann 1. september 2020. Ef horft er til umfangs málsins, nú þegar, er ljóst að PFS mun ekki geta lokið yfirferð og úrlausn þess fyrir þann tiltekna tíma.

(16) Að mati PFS er einnig mikilvægt að aðilar máls, söfnunaraðilar sem og ÍSP, séu ekki í óvissu þegar kemur að mögulegum gildistíma umræddra breytinga á viðskiptaskilmálum.

(17) Með hliðsjón af ofangreindu, sem og til að koma í veg fyrir mögulega ónauðsynlega röskun á markaði, telur PFS nauðsynlegt að taka bráðabirgðaákvörðun í þessu máli, þess efnis að breytingarnar munu ekki taka gildi, fyrr en PFS hefur lokið málsmeðferð í samræmi við 9. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

Ákvörðunarorð

- 1. Fallist er á kröfu Póstmarkaðarins ehf. um að skilyrði 11. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun um heimild til töku bráðabirgðaákvörðunar séu uppfyllt í máli þessu.**
- 2. Frestað er gildistöku skilmálabreytingar Íslandspósts ohf., dags. 12. maí 2020, um niðurfellingu viðbótarafsláttar fyrir magnpóst, sem taka átti gildi þann 1. september 2020.**
- 3. Ákvörðunin mun gilda þar til Póst- og fjarskiptastofnun hefur lokið málsmeðferð í samræmi við 9. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, en þó ekki lengur en til 31. desember 2020.**

Reykjavík, 1. júlí 2020

f. h. forstjóra, Björn Geirsson

Friðrik Pétursson